

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Fornleifaskráning í Seyðisfirði í S-Múlasýslu
vegna fyrirhugaðs ljósleiðara og rafstrengs frá
Hánefsstöðum að Austdal



Bjarni F. Einarsson
2019

Forsíðumyndin sýnir myllustein heima við bæ á Hánefsstöðum. Steinninn er úr myllu skammt austur af bænum (Fornleifar nr. 11:1. Ljós. BFE 2019).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Neyðarlínuna
Október 2019

Inngangur

Að beiðni Neyðarlínunnar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara og rafstrengs um Seyðisfjörð frá Hánefsstöðum í vestri að Austdal í austri.

Er lagnaleiðin og staðsetning fornleifa sýnd á loftmyndum 1–4. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort og Sýslu- og sóknarlýsingar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 26.–27. september síðastliðinn. Veður var votviðrasamt á meðan á vettvangsvinnu stóð sem kom ekki að sök fyrir utan erfiðar ljósmyndatökur. Farið var með fulltrúa verkkaupa á vettvang og línustæðið valið með tilliti til fornleifa og aðstæðna. Sérstaklega skal tekið fram að fornleifar sáust utan við línuleiðina sem valin var, en vegna þess að þær voru allar lengra frá en 20 m og oftast lengra en 30 m voru þær ekki skráðar. Verði farið nær þeim en 15 m þarf að skrá þær.

Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu línu, eða að minnsta kosti 15 m hvoru megin. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu. Einn staður getur geymt einar eða fleiri fornleifar.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Eru þeim öllum þakkað fyrir.

Hluti af leiðinni hefur áður verið skráð, en að mestu var það þó önnur leið sem þá var skoðuð. (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2018).

Fulltrúi verkkaupa var Sigurður Ingi Hauksson hjá Neyðarlínunni og er honum þökkúð samveran og samvinnan.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningar-minjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, fram-kvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).


Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstað-ar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Fornleifar nr. 10, Skálinn í túni Múla I voru friðlýstar árið 1972 (sjá mynd 3). Nálægt Flugustöðum er Völuleiði friðlýst 1930, grjótrúst uppi á Goðatindi í landi Hofs árið 1930 og tjaldstæði Þangbrands fyrir neðan túnið á Þvotta árið 1930. Að síðustu eru fornleifar í Papey friðlýstar árið 1930 og eru þá allar friðlýstar fornleifar í Geit-hellnahreppi upp taldar (Forn-leifaskrá 1990:60).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
8:1	Rúst (mókofi?)	1	Ljósleiðari	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Rannsókn
9:1	Túngarður	1	Ljósleiðari	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
10:1	Rústir (Beitarhús ofl.)	2	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
11:1	Mylla og garður	2	Ljósleiðari	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
12:1	Rúst ?	1	Ljósleiðari	Talsverð	Lélegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola
13:1	Fornleið	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	-1550	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Engar
14:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	-1550	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Engar
15:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Þversnið
16:1	Gata	1	Ljósleiðari	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
17:1	Túngarður og gerði	2	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
18:1	Gerði (hestarétt?)	1	Ljósleiðari	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
19:1	Túngarður	1	Ljósleiðari	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
20:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
21:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikil	-	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
	Samtals					Meðaleink.				

Tafla 1 yfir skráðar fornleifar á lagnaleiðinni um Seyðisfjörð, frá Þórarinsstöðum að Austdal. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

Samtals voru 17 fornleifar undir 14 númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Einar fornleifar bættust við eftir vettvangsvinnu, en það var garður nr. 21:1 sem ekki sást á vettvangi, en sást vel á loftmynd sem barst eftir að vettvangsvinnu lauk. Sama á við um vesturenda túngarðsins nr. 17:1, hann sást ekki á vettvangi. Hann er teiknaður inn á mynd 3. Engir staðanna 17 töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi.



Mynd 1. Yfirlit yfir lagnaleiðina um Seyðisfjörð og staðsetning fornleifa. Rauð lína er línuleiðin. Sjá nánar staðsetningar þeirra á myndum 2–4. Norður er til vinstri. (Loftmynd: Esri, DigitalGlobe. Viðbætur Neyðarlínan/Fornleifafræðistofan).



Mynd 2. Staðsetning fornleifa í nágrenni Háfellsstaða. Rauð lína er línuleiðin. Norður vísar upp. (Loftmynd: Esri, DigitalGlobe. Viðbætur Samsýn/Fornleifafræðistofan).

Sex staðir töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi og átta höfðu lítið minja- og varðveislugildi. Einn þeirra síðasttöldu eru taldir yngri en 1900. Það eru meint rúst (nr. 12) sem talin er vera frá 20. öld.

Níu fornleifar eru taldar í mikilli hættu vegna ljósleiðarans, einar í talsverðri hættu og sex í lítilli hættu. Þær sem eru í mikilli hættu eru garðar og gata sem erfitt getur verið að sneyða hjá vegna legu sinnar. Eina rústin sem talin er vera í mikilli hættu eru fornleifar nr. 20. Hægt er að færa lagnaleguna til norðurs frá henni því þar eru engar fornleifar. Eins ætti að vera hægt að færa leguna við götuna nr. 16 í gegnum skarðið þar sem núverandi vegur liggur og svo áfram til vesturs fram hjá götunni og svo niður hlíðina.

Túnakort gáfu ekki tilefni til að ætla að fornleifar væru í mikilli hættu vegna ljósleiðarans og þær fáu sem sáust á kortunum liggja langt frá línulegunni.

Líkurnar á því að eitthvað verði þó á vegi framkvæmdanna við Þórarinsstaði eru einhverjar og því er mælt með því að framkvæmdaefirlit verði viðhaft á meðan línun verður sett í jörðu fram hjá bænum. Minjastofnun Íslands mun ákvarða nánar um þetta atriði.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um



Mind 3. Staðsetningar fornleifa við Þórarinsstaði. Rauð lína er línuleiðin. Gular línur sýna óskráða garða. Annarsvegar allan túngarðinn utan um býlið og hins vegar garð í túninu neðan við bæinn, en ofar á myndinni. Þeir sáu ekki við vettvangskönnun þar sem þeir liggja yfir túnin. Rústin hægra megin við nr. 21 er steypt hús og rústin sunnan vegarins var ekki skráð þar sem hún er handan vegarins þar sem engin hætta er á ferðum. (Loftmynd: Esri, DigitalGlobe. Viðbætur Neyðarlínan/Fornleifafræðistofan).

framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum og vegum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsa séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Sex staðir voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og átta í lágsta flokki.

Níu fornleifar teljast vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, einar í talsverðri hættu og sex á fjórum stöðum í lítilli hættu, að óbreyttu.

Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum og breyta lítillega um lagnaleið í nokkrum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim



Mynd 4. Staðsetning fornleifa í nágrenni Austdals. Norður vísar upp. (Loftmynd: Esri, DigitalGlobe. Viðbætur Samsýn/Fornleifafræðistofan).

fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Gröftur heima við bæi þarfnast líklega framkvæmdaefirlits í allavega einu tilfelli á meðan vinna stendur yfir. Mælt er með því að svo verði gert við Þórarinsstaði. Einnig er mælt með því að endastöðin við Austdal verði færð lítillega til að forða fornleiðinni (nr. 13) frá raski. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, um Austurdal og yfir í Mjóafjörð.* Náttúrustofa Vestfjarða, fornleifadeild. NV nr. 24-18. Ágúst 2018.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1874. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sú um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 2000.

Túnakort. Austdalur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Hánefsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort. Þórarinsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá. Austdalur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Austdalur. Athugasemdir og viðbætur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Nokkur örnefni í landi Austdals og Bæjarstæðis. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Örnefni í Þórarinsstaðalandi. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Þórarinsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Seyðisfjörður Nr. 8:1 - 21:1.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			8
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Hánefsstaðir			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.09.2019	E 739594,0. N 542059,4	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Mókofi	Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5,5	Talsvert	5,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Á litlum hól í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 5,5 m. (NA - SV).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir.

Dyr snúa mót SV.

Grjót sést á nokkrum stöðum við innanverðann vegginn.

Vel gróin grasi.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			9
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Hánefsstaðir			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.09.2019	E 739535,9. N 541919,3	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Túngarður		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Utan um tún á kotbýli, á jaðri mýrarfláka.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Túngarður.

Úr torfi. Um 1 - 1,5 m breiður og 0,3 - 0,6 m hár.

Garðurinn er rofinn á stöku stað af lækjum og nýlegri ljósleiðaralögn.

Austurhluti garðsins er annaðhvort horfinn, eða þar hefur verið girðing.

Með garðinum er skurður (pæla?) að utanverðu, þó ekki vestast.

Við vesturendann er garður sem gengur út úr aðalgarðinum og er hann úr grjóti. Virðist hann eldri.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			10
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hánefsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.09.2019	E 739365,8. N 5417110,8	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rústir (beitarhús og gerði)	Beitarhús	Sey 19	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Efst á hól í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rústir (beitarhús og gerði).

1) Rúst.

8 x 13 m (ANA-VSV). Veggir úr torfi og grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Tvö hólf eru á rústinni auk rýmis á milli 1) og 2). Á SA hólfu eru dyr mót austri, en á hinu mót norðri.

Líklega eru einnig dýr á milli SV hólfis og NA hólfis.

Út úr rústinni í SV er garður sem tengir hana við:

2) Gerði.

11 x 21 m stórt. Veggir úr torfi og grjóti, um 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Hluta af NV endanum vantar.

Líklega er rýmið á milli aðalrústanna heystæði með opi mót N. Það gæti einnig verið þriðja hólfu í rústinni.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			11
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hánefsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.09.2019	E 739329,4. N 541691,7	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Mylla og garður		Sey 19	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Á lækjarbakka, að vestanverðu. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Mylla og garður.

1) Rúst.

5 x 5 m (A - V). Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,8 m háir. Dyr snúa mót austri og líklega er op eða rás í gegnum vesturvegginn.

2) Garður.

Út úr rústinni SA verðri gengur garður sem liggur í boga utan um sléttan flöt og að læknum. Hann er úr torfi og grjóti, 1,5 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Í læknum við hinn sléttu flöt eru visbendingar um fyrirhleðslu.

Ábúandi vissi að um myllu væri að ræða. Myllusteinn úr myllunni er heima við bæ á milli húsa.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			12
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hánefsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.09.2019	E 739249,3. N 541675,0	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst?		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Lélegt	1900-		Ljósleiðari	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í þýfðum og blautum móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst?

8 x 12 m stór (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, um 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Hugsanlega eru tvö hólf í rústinni og op mót austri. Hin meinta rúst er afar þýfð og ógreinileg og alls ekki víst að um mannvirki sé að ræða.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi hinnar meintu rústar þyrfti að staðfesta tilvist hennar og hugsanlegan aldur. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			13
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Austdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 743216,6. N 541583,1	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fornleið		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Ágætt	-1550		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5,5	Talsvert	5,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Ofan við bæjarstæði Austdals, í móa og túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fornleið.

Leiðin er niðurgrafin, um 1 - 2 m breið og 0,2 - 0,4 m djúp. Hún virðist hafa legið til vesturs undir gamla landsvegnum sem þar er. Hún endar í austri þar sem tún tekur við.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			14
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Austdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 742937,3. N 541602,0	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Lítill	Ágætt	-1550		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5,5	Talsvert	5,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Norðan við bæjarstæði Austdals, í holti.

Heimildir og munnmæli

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, um Austurdal og yfir í Mjóafjörð. Náttúrustofa Vestfjarða, fornleifadeild. NV nr. 24-18. Ágúst 2018.*

Lýsing

Garður.

Úr grjóti, 0,3 - 1 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár. Hlið er á garðinum norður af efstu rústum Austdals. Ekki sást þar gata í gegn.

Garðurinn var ekki allur mældur, heldur frá horni á garðinum í austri að háu barði í vestri.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			15
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Austdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 742749,7. N 542091,6	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Ofan við malarveg í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Að mestu leiti úr torfi nema syðsti hlutinn þar sem hann liggur að hamrabelti. Þar er aðeins grjót. 0,5 - 0,8 m breiður og 0,3 - 0,6 m hár. Garðurinn byrjar við malarveginn og endar við hamrabelti. Ekki var hægt að rekja hann áfram til suðurs né austurs og hann virðist ekki vera hluti af garði nr. 7, enda mun unglegri og úr öðrum eignum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			16
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Austdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 742763,9. N 542099,6	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Nálægt strönd og yfir holt og mýri.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Þórarinsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Gata.

Um 3,5 - 4 m breið og sum staðar hækkuð upp um 0,2 - 0,3 m. Neðsti hluti götunnar er 0,1 - 0,6 m djúpur.

Víða má sjá steinalögn í götunni og kannsteyna við jaðar hennar og syðst og efst eru nokkur einföld ræsi og ein einföld brú. Efst er skurður með götunni sunnan og vestanvert.

Gatan liggur í sveig fram hjá hamrabelti.

Neðri myndin sýnir hina einföldu brú.

Árið 1917 var lagður kerruvegur við Þórarinsstaði og hugsanlegt er að þetta sé framhald hans. (Örnefnaskrá Þórarinsstaða, bls. 53).

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			17
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þórarinsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 740727,7. N 542531,7	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Túngarður		Sey 19	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Frá sjó og upp brekku, við jaðar túns.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Túngarður.

Úr grjóti og torfi, 1 - 1,6 m breiður og 0,1 - 0,6 m hár. Garðurinn er illa farinn á kafla.

Við suðvestur horn hans er gerði (hestarétt?), 8 x 11 m stórt. Veggir þess eru úr grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,9 m háir.

Hlið er á gerðinu mót austri, upp við garðinn.

Hugsanlega eru dyr eða op á gerðinu mót vestri.

Gerðið er áfast túngarðinum sem heldur svo áfram í vestur.

Ekki sást túngarðurinn að vestanverðu, en á loftmynd má sjá hvar hann liggur niður að klettum neðan við malarveginn rétt austan við gamla flugvöllinn.

Annar garð má sjá á sömu loftmynd nokkru austar sem liggur að sömu klettum að austanverðu og hann gæti verið eldri útgáfa af túngarðinum áður en hann var færður til vesturs.

Teikning mynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			18
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hánefsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 739011,0. N 541667,2	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði	Hestarétt	Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Rétt utan við tún í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.


6 x 11 m stórt. Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Grjótið í veggjum er áberandi stórt.

Dyr eða op er mót austri (upp við túngarðinn nr. 12).

Líklega eru veggirnir áfastir túngarði sem liggur sunnan við gerðið.G

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			19
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Hánefsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 738984,3. N 541660,0	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Túngarður		Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Við jaðar túns í brekku.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Túngarður.

Úr torfi og grjóti. Breidd er óljós, en hæðin er 0,2 - 0,5 m.

Efst er garðurinn greinilegur. Samkvæmt ábúanda var rutt að garðinum þegar túnið var sléttað og þar af er breiddin óljós. Hún virðist þó hafa verið um 1,5 m.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			20
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Hánefsstaðir				1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	27.09.2019	E 738832,6. N 541507,9	Ísn 93		

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst	Fjárhús	Sey 19	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Ábúð	Talsverð	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Neðan við heimreiðina að bænum. Í grasi grónni hvílt.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

6 x 16 m (N - S). Veggir úr torfi og grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Líklega er þvergarður um miðja rústina sem skiptir henni í tvo hluta.

Rústin er mjög þýfð og hugsanlega eru fleiri rústabrot í kring um hana og ekki hægt að útiloka að hún standi ofan á eldri minjum.

Hugsanlega eru fleiri rústir ofan við veginn.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Suður - Múlasýsla	Seyðisfjörður			21
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þórarinsstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	30.9.2019	-	-		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður	Túngarður	Sey 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Liggur niður af beygjuni á malarveginum vestan við bæjarstæðið.

Heimildir og munnmæli

Loftmynd. arcgis.com

Lýsing

Garður.

Garðurinn sást ekki á vettvangi, en er greinilegur á loftmynd.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.